

Stjórnarfundur umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 20. Ágúst 2025 kl. 10 heima hjá Sigurbjörgu Magnúsdóttur Birkigrund 9b í Kópavogi

Á fundinn voru mættar auk Sigurbjargar umdæmisstjóra: Dúfa Einarsdóttir gjaldkeri, Erla Eggertsdóttir ritari, María Heiðdal fráfarandi umdæmisstjóri og Valdís B Guðjónsdóttir verðandi umdæmisstjóri.

Einkunnarorð næsta starfsárs frá forseta alþjóða forseta IW er **STEP UP & LEAD BY EXAMPEL**. Við kusum að þýða það **VERTU ÁVALT GÓÐ FYRIRMYND**.

Ég sýndi þeim bréf sem mér barst fra IW klúbbi í Ástralíu og sýndi þeim svarið sem ég sendi. Þær voru sáttar við það svar.

Ræddum um hugmyndir um fyrirkomulag á haustfundi sem áætlaður er 1. nóv. Á Catalínu. Áætluð að byrja fundinn kl. 11,30 og borða á Catalínu. Hugmyndir um að hver klúbbur segði frá áætlunum um vetrarstarfið. Etv. myndi einhver sem fer á rallyið í Árósum segja frá því.

Ræddum einnig hugmyndir að dagskrá fundarins í Kríunesi 10. jan. Dúfa ætlaði t.d. að kanna með söngatriði.

Gjaldkeri þarf einnig að hafa samband við klúbbana til að geta gengið frá rukkun fyrir félagsgjald en hluta af því þarf að enda til alþjóðasamtakanna.

Ákveðið var að hittast aftur þriðjudaginn 14. okt. Kl. 14 á sama stað.

Sigurbjörg trakteraði okkur á frábæru kaffi og meðlæti.

Fundi var slitið kl. 11,20.

Erla Eggertsdóttir ritari